

Tíu ráð til að breyta fyrirtækisbrag

Góður fyrirtækisbragur eða fyrirtækismenning hefur áhrif á tryggð starfsmanna og löngun þeirra til að vera í vinnunni. Fyrirtækisbragur nær til allra þátta vinnuumhverfisins, skipulags, andrúmslofts, hvernig fólki líður í vinnunni, hvernig samskipti eru á vinnustaðnum og vinnunar sjálfrar, - alls, hvort sem um er að ræða skráðar eða óskráðar reglur.

Góður fyrirtækisbragur getur bætt afkomu fyrirtækisins, en slæmur fyrirtækisbragur dregur úr henni. Þirrað starfsfólk, viðvera í vinnu án framleiðni, slúður og óskipulagðar fjarvistir geta verið afleiðing þess að fólki líður ekki vel í vinnunni. Hér að neðan eru tíu ráð til að bæta fyrirtækisbrag á þínum vinnustað.

1. **Traust.** Starfsmaður sem finnur að honum er treyst til að vinna vinnuna sína og að vinna vel er starfsmaður sem finnur fyrir virðingu og er ánægður í vinnunni. Traust er viðurkenning á því að starfsmaðurinn er mikilvægur fyrir vinnustaðinn.
2. **Velvilji.** Velvilji á vinnustað skilar miklum árangri. Velvilji er smitandi og er líklegur til að ná útbreiðslu. Prófaðu það og allir vinna.
3. **Miðlun upplýsinga.** Greið upplýsingamiðlun og opin samskipti milli starfsmanna og stjórnenda, án þess að ganga á rétt til persónuverndar eykur traust og bætir samskipti og eykur líkur á að starfsfólk vilji vera í vinnunni og koma aftur í vinnuna eftir veikindafjarvistir.
4. **Stjórn á aðstæðum.** Starfsmenn sem hafa stjórn á aðstæðum í vinnunni eru líklegri til að njóta sín í vinnunni. Stjórn á aðstæðum getur falist í möguleikanum á að aðlaga vinnutíma, endurskoða hlutverk sitt í vinnunni, taka þátt í nýjum verkefnum, eða að hafa stjórn getur einfaldlega falist í að einstaklingi finnist hann ráða við vinnuna eða vinnuálagið.
5. **Sveigjanleiki.** Sveigjanlegur vinnutími og fjölskylduvæn starfsmannastefna eru mikilvægir þættir.
6. **Nýsköpun.** Hvatning til skapandi hugsunar og nýrra hugmynda hefur áhrif.
7. **Gleði.** Möguleiki á afþreyingu og aðstaða á vinnustað til að hittast og ræða málin í dagsins önn eru mikilvægir þættir í heilbrigðum fyrirtækisbrag.
8. **Samband.** Jákvæð samskipti og gott samband er mikilvægt, ekki bara á vinnustaðnum heldur líka þegar starfsmaður er fjarri vinnustað um tíma.
9. **Skýr markmið.** Ef allir vinna að sama takmarki losnar kraftur úr læðingi. Starfsmenn þurfa að hafa andrými í vinnunni, en þeir þurfa líka að vita nákvæmlega í hverju vinna þeirra er fólgin og hvers er vænst af þeim.
10. **Umhyggja.** Er starfsfólkið ánægt í hlutverkum sínum. Hvernig er starfsálag og vinnuástaða? Þjáist starfsfólkið af streitu, eru of miklar kröfur eða of litlar eða eru verkefni of fá? Er leiðinlegt í vinnunni? Hvernig gengur í vinnunni? Það er mikilvægt að spyrja starfsmanninn um líðan í vinnunni og auðvelda honum að gera vinnuumhverfið ánægjulegra. Ef okkur líður vel í vinnunni viljum við vera þar.

Eftir: Anna Kelsey af <http://www.rtw.matters.org/>